

Vikurnám við Búrfell, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 4. mars 2024 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Hólasamára ehf. vegna vikurnáms við Búrfell samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun Hólasamára ehf.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 6. mars 2024 og var aðgengileg í Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 5. mars 2024 til 5. apríl 2024.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Vikurnám á Búrfellshólum. Matsáætlun. 4. mars 2024.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Skeiða- og Gnúpverjahreppi 8. maí 2024
- Fiskistofu 15. mars 2024
- Hafrannsóknastofnun 4. apríl 2024
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 4. apríl 2024
- Landsvirkjun 5. apríl 2024
- Minjastofnun Íslands 17. apríl 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands 4. apríl 2024
- Umhverfisstofnun 5. apríl 2024
- Vegagerðinni 4. apríl 2024

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 3. júlí 2024.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Hólasamára ehf. um vikurnám við Búrfell og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Hólasamára ehf. felast í efnistöku á Búrfellshólum og er um er að ræða efnistöku á landskika sunnan við og í beinu framhaldi af svæði fyrrum námuvinnslu á Búrfellshólum á vegum Jarðefnaiðnaðar ehf. en þar var efni tekið á um 150 ha svæði. Sú framkvæmd fór í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum árið 1999. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að unnt verði að vinna milli 4 og 5 milljón m³ á um 190 ha svæði og áætlað er að efnistaka muni verða sem nemur 80.000-300.000 m³ á ári í 10-15 ár. Gera má ráð fyrir að vinnslutími ár hvert verði um það bil frá apríl til nóvember.



Reiknað er með 12-13 ferðum efnisflutningabifreiða á dag sex daga vikunnar þá mánuði árs sem fært er til aksturs og er því gróflega áætlað að um verði að ræða um 2.800 ferðir á ári.

Um framkvæmdalýsingu og tilgang vísast að öðru leyti til matsáætlunar Hólasamára ehf.

Eftir að kynningartíma matsáætlunar lauk og sem viðbrögð við umsögn Landsvirkjunar ákvað framkvæmdaraðili að kanna möguleika á að gera vegslóða yfir árfarveg Þjórsár. Færu því efnisflutningar um Landveg innan Rangárbings ytra. Greinargerð um þessa breytingu á framkvæmdum var send öllum umsagnaraðilum auk Rangárbings ytra, en eftir að hafa kynnt þessi breyttu áform og við nánari skoðun ákvað framkvæmdaraðili að falla frá þessum breytingum og halda áfram með upprunalega flutningsleið í nánu samráði við Landsvirkjun.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun Hólasamára ehf. kemur fram að ekki verði gerð grein fyrir öðrum valkostum en aðalvalkosti og núllkosti.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að umhverfismat vikurnáms við Búrfell verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Slíkir valkostir geta t.d. falist í afmörkun efnistöku, vinnslutíma, efnismagni og flutningsleiðum.

Innviðir

Í matsáætlun kemur fram að aðkoma að svæðinu verði af Þjórsárdalsvegi (nr. 32) en ekið verði yfir brú við Bjarnalón og þaðan til norðausturs að vegslóða inn á núverandi námusvæði. Þaðan verði ekið suður með Þjórsá inn að fyrirhuguðu efnisvinnslusvæði. Efnið verði flutt af námusvæði með 43 m³ flutningavögnum og ekið niður á láglandið þar sem efnið verði unnið nánar. Ekki liggja fyrir nákvæm staðsetning á fyrirhuguðu vinnslusvæði að svo stöddu en í umhverfismatsskýrslu verði ítarlega fjallað um vinnslusvæði.

Í umsögn Landsvirkjunar kemur fram að þeir innviðir sem áætlað sé að nota til efnisflutninga, s.s. brúin yfir Bjarnalón séu að mestu í eigu og umsjón Landsvirkjunar. Núverandi aðkoma inn á námusvæðið er í gegnum nýtingarsvæði Landsvirkjunar skv. samningi við íslenska ríkið, auk þess sem nýta á mannvirki í eigu Landsvirkjunar til að koma efni til og frá námasvæðinu. Mannvirkin sem um ræðir eru m.a. vegir, brú yfir Bjarnalæk og stjórnlokur yfir Bjarnalón. Stjórnlokur stýra vatnsmagni inn í Bjarnalón og eru mikilvægur hluti af stjórnkerfi virkjana á svæðinu. Ekki hafi farið



fram mat á því hvort eða hversu mikla umferð mannvirkin þoli. Gera megi ráð fyrir aukinni slyshættu í kjölfar aukinnar umferðar og þar með aukinni hættu á skemmdum á mannvirkjunum. Landsvirkjun bendir á að reynsla af fyrri efnisflutningum hafi ekki verið góð og gefur það fyrirtækinu aukið tilefni til að óska eftir frekari greiningu. Við fyrri efnisflutninga komu t.d. upp vandamál tengd umferð og umferðarhraða um mannvirki fyrirtækisins. Reynt var að setja hraðatakmarkanir sem erfiðlega gekk að framfylgja og hefur Landsvirkjun áhyggjur af umferðarhraða fyrirhugaðra flutninga yfir mannvirkin. Landsvirkjun bendir enn fremur á að þrátt fyrir að umferð vegna vikurnáms verði áþekkt fyrri námuvinnslu, megi gera ráð fyrir auknum umferðarpunga á svæðinu frá fyrri tíð, ekki síst í ljósi uppbyggingar ferðapjónustu. Álag á vegum á svæðinu er nú þegar mikið og ljóst að gera þurfi endurbætur á þeim ef auka eigi umferðina, ekki síst til að auka öryggi vegfarenda. Landsvirkjun óskar eftir því að gerð verði greining á því hvort þörf sé á uppbyggingu nýrra samgönguinnviða og að sú þarfagreining taki mið af umferðarpunga í ljósi vikurnámsins, aukins ferðamannafjölda, núverandi starfsemi Landsvirkjunar og annarra aðila, auk fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu. Komi til byggingar nýrra mannvirkja þarf að taka tillit til starfsemi og reksturs Landsvirkjunar á svæðinu. Einnig óskar Landsvirkjun eftir því að það verði umfjöllun um orkuvinnslu á svæðinu þegar fjallað er um umhverfisþáttinn samfélag og atvinnulíf og metin hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á orkuvinnslu og raforkuöryggi landsins.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að mikilvægt sé að staðsetning fullvinnslu liggja fyrir sem fyrst í matsferlinu og að gerð verði grein fyrir mögulegum áhrifum og mótvægisáðgerðum vegna fullvinnslunnar í umhverfismatsskýrslu, enda sé um tengdar framkvæmdir að ræða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði betur grein fyrir mögulegum áhrifum á innviði Landsvirkjunar vegna umferðar í umhverfismatsskýrslu. Samráð við Landsvirkjun og Skeiða- og Gnúpverjahrepp vegna innviða hafi nú þegar hafist og framkvæmdaraðili leggi áherslu á að finna lausn sem allir geti unað við. Gerð verði frekari grein fyrir samráði við hagsmunaaðila í umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdaraðili telji ekki þörf á að lagt sé mat á áhrif efnistöku við Búrfell á orkuvinnslu og raforkuöryggi. Einnig kemur fram að áhrif framkvæmdar á umferð verði metin, skoðað verði hvaða akstursleiðir komi til greina og mótvægisáðgerðir lagðar fram, ef þörf verði á. Framkvæmdaraðili telji aukinn fjölda efnisflutningsbíla ekki kalla á greiningu á því hvort þörf sé á uppbyggingu nýrra samgönguinnviða. Í svörum framkvæmdaraðila varðandi fullvinnslu efnis kemur fram að gerð verði nánari grein fyrir fyrirhugaðri efnisvinnslu í umhverfismatsskýrslu, þ.m.t. nánari staðsetningu, vinnslutilhögun, mögulegum áhrifum og mótvægisáðgerðum.

Fyrir liggur að reynsla af efnisflutningum um mannvirki Landsvirkjunar vegna fyrri efnistöku á Búrfellshólmum var ekki góð, að mati fyrirtækisins. Skipulagsstofnun bendir á að í umhverfismatsskýrslu þarf að greina frá niðurstöðu samráðs við Landsvirkjun um flutningsleið efnisins ef framkvæmdaraðili hyggst nota þá leið sem kynnt er í matsáætlun, þ.e. um brúna yfir Bjarnarlæk og stjórnlokur yfir Bjarnalón sem er í eigu og umsjón Landsvirkjunar. M.a. þarf að gera grein fyrir þeim áðgerðum sem framkvæmdaraðili hyggst standa að vegna flutninganna skv. samráðinu.

Lífríki í ám

Í matsáætlun er engin umfjöllun um lífríki í ám. Í umsögnum sínum benda Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands á að meta þurfi áhrif framkvæmdanna á lífríki í ám. Fiskistofa bendir á að gera þurfi betur grein fyrir því hvort og hver gætu orðið áhrif á lífríki og fiskistofna í Þjórsá. Náttúrufræðistofnun tekur undir með Fiskistofu um að það vanti betri umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Þjórsár. Hafrannsóknastofnun segir í umsögn sinni að gera þurfi grein fyrir áhrifum starfseminnar á lífríki í vatni bæði í Bjarnarlæk og í Þjórsá. Fram kemur að efnistökusvæðið liggja að Bjarnarlæk og þar sé urriða að finna, Bjarnarlækur renni síðan til Þjórsár og þar lifi einn stærsti laxastofn landsins. Stofnunin telur að í matinu þurfi m.a. að koma



fram bein áhrif vegna vikurnámsins og hættu sem geti stafað af mengun vatns vegna tækja sem unnið er með vegna vikurnámsins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði nánar um hugsanleg áhrif á vatnalíf og fiskistofna í Þjórsá og Bjarnarlæk í umhverfismatsskýrslu. Gerð verði grein fyrir mögulegri áhættu á mengun vatns vegna framkvæmdarinnar og áhrif metin m.t.t. lífríkis og fiskistofna. Stuðst verði við fyrirbyggjandi gögn um fiskirannsóknir í Þjórsá og þverám hennar. Leitað verði til Veiðifélags Þjórsár um helstu veiðistaði, veiðitölur og aðrar upplýsingar er varða stangveiði og lífsskilyrði fiskistofns. Þá verði haft samráð við líffræðing við mat á áhrifum á vatnalíf og fiskistofna í ánum. Gerð verði grein fyrir nákvæmari afmörkun efnistökusvæðis í umhverfismatsskýrslu og hyggst framkvæmdaraðili vera í samráði við Fiskistofu vegna leyfismála verði þörf á því sbr. 33. gr laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á vatnalíf og fiskistofna.

Landslag og ásýnd

Í matsáætlun kemur fram að nánan muni sjást frá aðliggjandi svæðum og að leitað verði leiða til að ásýnd námunnar falli sem best að landslagi sínu eftir að framkvæmdatíma lýkur. Gerð verði grein fyrir sjónrænum áhrifum á myndrænan hátt, en ljósmyndir verði teknar frá svæðum sem talin séu viðkvæm m.t.t. ásýndar og líklegum áhrifum lýst. Í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um núverandi ásýnd svæðisins sem og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda auk þess að fjallað verði um og lagt mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og efnistöku á aðliggjandi svæði. Einnig verður fjallað ítarlega um frágang námunnar og hvernig reynt verði að fella svæðið sem best að aðliggjandi umhverfi og loftmynd verði birt sem sýni nákvæma stækkun efnissvæðisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands kemur fram að umfang framkvæmdasvæðisins sé verulega mikið og með svona mikilli stækkun á efnistökusvæðinu sé líklegt að landslag svæðisins muni verða fyrir töluverðum neikvæðum áhrifum. Stofnunin bendir á að huga þurfi vandlega að því að meta umfang og eðli landslagsbreytinga og sjónræn áhrif. Stofnunin bendir á að skoða þurfi hvort það minnki ásýndaráhrif ef jaðrarnir verði óraskaðir og halli hafður aflíðandi frá óröskuðu svæði ofan í námubotn.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að auk þess að skoða samlegðaráhrif framkvæmdanna með námu norðan við fyrirhugað efnistökusvæði ætti að skoða umfangsmikið vikurnám austan við Þjórsá í Rangárþingi ytra og samlegðaráhrif með þeim framkvæmdum á landslag og sjónræna þætti, ferðamennsku og útivist.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að lagt verði mat á samlegðaráhrif með fyrra efnistökusvæði norðan við fyrirhugað efnistökusvæði auk vikurnáms sem staðsett sé skammt austan Landvegar, austan við fyrirhugað efnistökusvæði og Þjórsá. Framkvæmdaraðili komi til með að styðjast við ljósmyndir sem teknar verði af svæðinu vegna áhrifa á landslag og sjónræna þætti. Þá verði fjallað um samlegðaráhrif m.t.t. ferðamennsku og útivistar sem og foks og hljóðvistar en þar verði stuðst við fyrirbyggjandi gögn.

Um er að ræða umfangsmikla efnistöku til allt að 15 ára og þarf því að leitast við að sýna þau áhrif sem verða af efnistökunni eins og kostur er, m.a. á ásýnd og yfirbragð svæðisins. Skipulagsstofnun gerir ekki beinar athugasemdir við hvernig framkvæmdaraðili hyggst fjalla um og standa að mati á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á landslag og ásýnd en leggur áherslu á að við mat á sjónrænum áhrifum þurfi að tryggja vandaða myndræna framsetningu og velja þarf tiltekin sjónarhorn með rökstuðningi þaðan sem sýndar eru myndir í umhverfismatsskýrslu sem sýna núverandi ásýnd efnistökusvæðisins. Síðan þarf að leitast við eins og kostur er að sýna hvernig ásýnd námunnar kann að breytast eftir því sem efnistökusvæðið stækkar. Í því sambandi er tilefni til að fjalla um hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á útivist og ferðamennsku.



Frágangur og áfangaskipting

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verður sett fram áætlun um vinnslu í námunni þar sem fjallað verður um afmörkun, vinnslutíma, vinnslutilhögun, vinnsluaðferðir, aðstöðu verktaka og frágangsáætlun. Auk þess verður fjallað um hvernig frágangi efnistökusvæðisins hefur verið háttað til þessa en engin umfjöllun er í matsáætluninni um áfangaskiptingu.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á í umsögn sinni að fjalla þurfi betur um það hvernig frágangi verði háttað og hvort vinnslunni verði áfangaskipt og hvernig gengið verði frá eftir hvern áfanga m.a. hvort að einhver landgræðsla sé fyrirhuguð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði nánar um frágang á vinnslutíma sem og frágang að framkvæmd lokinni í umhverfismatsskýrslu. Þá verði einnig fjallað um möguleika til mótvægisáðgerða s.s. við frágang og landgræðslu.

Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun að mikilvægur þáttur í umfjöllun um efnistöku sé umfjöllun um frágang og áfangaskiptingu hennar. Því leggur stofnunin áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir áætlunum um frágang eftir því sem vinnslunni vindur fram. Í því sambandi þarf að gera grein fyrir áfangaskiptingu vinnslunnar, m.a. hvar fyrirhugað er að hefja töku efnis innan þessa afmarkaða svæðis og hvar henni muna ljúka.

Vatnsvernd

Í matsáætlun kemur fram að svæðið sé á vatnsverndarsvæði en þar sem efni verði ekki unnið frekar í námunni sjálfri séu mengunarvaldar fáir á staðnum og hætta á mengun grunnvatns hverfandi. Í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir hugsanlegum mengunarvöldum vegna efnistökkunnar og aðgerðum til að draga úr hættu á að mengun berist í grunnvatn auk viðbragðsáætlunar ef mengunaróhapp verði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um vatnafar á svæðinu og áhrif framkvæmdarinnar á vatn. Eins og framkvæmdin er lögð fram í matsáætlun muni framkvæmdin ekki hafa áhrif á Þjórsá og Bjarnarlæk. Hins vegar ef framkvæmdin muni hafa áhrif á vatnshlotin þurfi að meta áhrif framkvæmdarinnar í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði nánar um vatnafar á svæðinu í umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdaraðili meti það svo að framkvæmdin komi ekki til með að hafa áhrif á vatnshlotin Þjórsá og Bjarnarlæk þar sem jaðar efnisvinnslunnar verði í öruggri fjarlægð frá árbökkum vatnshlotanna og því ekki hætta á beinu raski. Nánar verði fjallað um afmörkun efnistökusvæðisins í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði birt niðurstaða mats á áhrifum á þá gæðapætti sem lagðir eru til grundvallar ástandsflökkun vatnshlota, þ.e.a.s. vistfræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti ef matið leiðir í ljós að efnistakan kunni að hafa áhrif á þá. Að öðrum kosti þarf að liggja fyrir nákvæmur rökstuðningur fyrir því ekki verði um neikvæð áhrif að ræða á viðkomandi vatnshlot.

Gróður og fuglalíf

Í matsáætlun kemur fram að fuglalíf og gróðurfar hafi verið kannað á vettvangi og að fuglalíf hafi verið mjög fágætt og vistgerðir sem skráðar hafi verið á svæðinu séu með lágt og miðlungs verndargildi. Í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir og fjallað um gróður og fuglalíf út frá fyrirbyggjandi gögnum en ekki talið nauðsynlegt að leggja frekara mat á áhrif framkvæmdarinnar á þessa umhverfisþætti.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að þótt gróðurlendi, sem verði fyrir raski, séu ekki metin með hátt verndargildi ætti engu að síður að gera í umhverfismatsskýrslu grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna taps á gróðurþekju sem verði s.s. landgræðsluáðgerðum.



Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á mikilvægi þess að hugað sé að vernd á grónum bökkum Þjórsár og Bjarnarlækjar og að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segi að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að fjalla nánar um afmörkun vinnslusvæðisins með tilliti til árbakkanna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í ljósi niðurstaðna gróðurathugunar telji framkvæmdaraðili ekki ástæðu til þess að meta áhrif framkvæmdar frekar í umhverfismatsskýrslu en niðurstöðum gróðurfarsúttektar verði þó lýst í umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdaraðili hyggst afmarka svæði nánar m.t.t. árbakka með það í huga að forðast rask á bakkagróðri við Bjarnarlæk og Þjórsá sem liggja beggja vegna fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Þá gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að lágmarki 50 m jaðarsvæði milli árbakka og efnistökusvæðis.

Skv. þeirri gróðurathugun, sem framkvæmdaraðili minnst á í matsáætlun, er gróðurfar rýrt á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Skipulagsstofnun telur að um leið og framkvæmdaraðili skýri frá niðurstöðum gróðurúttektarinnar í umhverfismatsskýrslu, m.a. á vegum hvers hún hafi verið unnin, og nánari afmörkun á efnistökusvæðinu m.t.t. árbakka, sé eðlilegt að fram komi mat á áhrifum á gróður og vistgerðir, m.a. hvert verði áætlað umfang rasks á gróðri.

Fok og loftgæði

Í matsáætlun kemur fram að alltaf megi gera ráð fyrir því að einhver hætta sé á foki jarðefna við efnistöku og sé helsta orsök þess að ryk þyrlist upp við efnistöku sjálfa og við umferð vinnuvéla um svæðið. Framkvæmdaraðili telur ekki ástæðu til að meta áhrif vegna foks í umhverfismatsskýrslu þar sem mögulegt sandfok af völdum efnistökkunnar sé ekki talið líklegt að ná til viðkvæmra viðtaka.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði frá umferð. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk sé ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem komi frá útblæstri bíla heldur þurfi einnig að felast í útreikningi um svifryk mögulegt ryk frá vegyfirborði.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að fjalla þurfi um fok frá svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði loftgæði frá umferð vegna efnisflutninga og umferðar af völdum framkvæmdarinnar metin m.v. útblástur bíla en einnig verði gerð grein fyrir öðrum mögulegum breytum s.s. mögulegu ryk frá vegyfirborði. Umfjöllun um fok í umhverfismatsskýrslu verði byggð á fyrri reynslu af efnistöku á svæðinu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við mat á áhrifum á fok og loftgæði, eins og þeim er lýst í matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila við umsögnum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar.

Reykjavík, 22. júlí 2024,

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

